

Tillaga til 490. fundar bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar 16. febrúar 2022

Tillaga frá 1187. fundi bæjarráðs, sem fram fór 14. febrúar 2022, um að bæjarstjórn samþykki veitingu stofnframlags til óstofnaðrar húsnæðissjálfsseignarstofnunar (Nemendagerða Háskólaseturs Vestfjarða), að fjárhæð kr. 73.989.600. Bæjarráð leggur jafnframt til við bæjarstjórn að samþykkja viðauka nr. 3 við fjárhagsáætlun 2022, en áhrif viðaukans á rekstrarniðurstöðu samstæðu Ísafjarðarbæjar er auknar tekjur um kr. 14.899.715.

4. Húsnæðismál háskólanemenda - stofnframlag og lóðavilyrði - 2021050072

Lögð fram umsókn Peter Weiss, f.h. óstofnaðrar húsnæðissjálfsseignarstofnunar (Nemendagarða Háskólaseturs Vestfjarða), dags. 10. febrúar 2022, um 12% stofnframlag Ísafjarðarbæjar vegna byggingar 40 íbúða nemendagarða.

Jafnframt lagt fram minnisblað Axels R. Överby, sviðsstjóra umhverfis- og eignasviðs, og Eddu Maríu Hagalín, fjármálastjóra, dags. 11. febrúar 2022, vegna málsins. Þá er lagður fram til samþykktar viðauki 3 við fjárhagsáætlun Ísafjarðarbæjar vegna málsins.

Áhrif viðaukans á rekstrarniðurstöðu samstæðu Ísafjarðarbæjar eru auknar tekjur um kr. 14.899.715. Áhrif viðaukans á sveitasjóð A hluta eru auknar tekjur kr. 14.899.715, og er því rekstrarhalli að lækka úr kr. 332.516.189 í kr. 317.616.474. Áhrif viðaukans á samantekin A og B hluta eru auknar tekjur kr. 14.899.715, eða hækkun rekstrarafgangs úr kr. 47.800.000 í kr. 62.699.715.

Bæjarráð leggur til við bæjarstjórn að samþykkja veitingu stofnframlags til óstofnaðrar húsnæðissjálfsseignarstofnunar (Nemendagerða Háskólaseturs Vestfjarða), að fjárhæð kr. 73.989.600. Bæjarráð leggur jafnframt til við bæjarstjórn að samþykkja viðauka nr. 3 við fjárhagsáætlun 2022, en áhrif viðaukans á rekstrarniðurstöðu samstæðu Ísafjarðarbæjar er auknar tekjur um kr. 14.899.715.